## HÖFÐATORG.

### UMSJÓNARMAÐUR FASTEIGNA

Höfðatorg leitar að umsjónarmanni fasteignar fyrir 19 hæða skrifstofubyggingu og sameiginleg rými með blandaða starfsemi. Umsækjandi þarf að hafa ríka þjónustulund, góða tölvukunnáttu og þekkingu á notkun skjámyndakerfa sem vakta hússtjórnarkerfi, myndavélakerfi, aðgangskerfi o.fl.

**HELSTU VERKEFNI:**

Umsjón með viðhaldi sem tengist sameign og geta til að leysa einföld viðhaldsmál.

Umsjón með viðhalds- og þjónustusamningum hinna ýmsu kerfa byggingarinnar.

Umsjón með þrifum á sameign og gluggakerfi.

Samskipti við hússtjórn og rekstraraðila byggingarinnar. Brunaæfingar með leigutökum og mánaðarlegt öryggiseftirlit.

Samskipti milli leigutaka og verktaka vegna byggingar- og viðhaldsverkefna.

Umsóknum skal skilað fyrir 8. nóvember á postur@hofdatorg.is

---

## Umboðsmaður skuldara

### Embætti umboðsmanns skuldara óskar eftir að ráða í eftirfarandi störf

**Lögfræðinga** til að annast lögfræðiráðgjöf til einstaklinga í skuldavanda og hafa umsjón með greiðsluaðlögun, úrvinnslu erinda, samningagerð og eftirfylgni verkefna þeirra sem umboðsmaður skuldara ber ábyrgð á.

**Hæfniskröfur** eru BA próf í lögfræði, en embættispróf og/eða meistarapróf í lögfræði er kostur. Marktæk reynsla af sambærilegu er nauðsynleg. Áhersla er lögð á skipulögð og fagleg vinnubrögð, frumkvæði og sjálfstæði í starfi auk hæfni í mannlegum samskiptum.

**Skrifstofufólk** til að sinna forvinnslu, upplýsingaöflun og skráningarvinnu auk annarra fjölbreytilegra starfa fyrir lögfræði-, rekstrar- og ráðgjafarsvið embættisins.

**Hæfniskröfur** eru marktæk reynsla af skrifstofustörfum, haldgóð tölvuþekking, nákvæmni og skipulögð vinnubrögð. Stúdentspróf er kostur.

**Móttökuritara** til að annast símaþjónustu, upplýsingagjöf, gagnaskráningu, móttöku og önnur dagleg störf við móttökuborð embættisins.

**Hæfniskröfur** eru marktæk reynsla af sambærilegum störfum, góð tungumálakunnátta, þægileg framkoma og skilvís vinnubrögð.

**Skjalastjóra** til að sinna og hafa umsjón með skjalasafni embættisins og því sem tilheyrir.

**Hæfniskröfur** eru BA próf í bókasafns- og upplýsingafræði og marktæk reynsla af sambærilegu. Áhersla er lögð á fagmannleg vinnubrögð.

**Umsóknarfrestur** er til og með 15. nóvember nk. Vinsamlega sendið umsóknir ásamt upplýsingum um menntun, prófgögn og fyrri störf til STRÁ MRI, netfangið: stra@stra.is. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um störfin. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningar hefur verið tekin.

**Guðný Harðardóttir, hjá STRÁ MRI,** veitir nánari upplýsingar um störfin í síma 588 3031, sjá nánar **www.stra.is**.

**Embætti umboðsmanns skuldara er ríkisstofnun sem tók til starfa 1. ágúst sl. Stofnunin heyrir undir félags- og tryggingamálaráðherra og skal gæta hagsmuna og réttinda skuldara sem kveðið er á um í lögum.**

www.stra.is

STRÁ MRI WORLDWIDE

---

Capacent Ráðningar

## FRAMKVÆMDASTJÓRI

FJARSKI
-traust fjarskiptasamband

Fjarski ehf. er dótturfélag Landsvirkjunar og hefur það hlutverk að eiga og reka fjarskiptakerfi sem nýtt er til fjarstýringa og fjarvöktunar raforkukerfisins.

**Fjarski leitar að öflugum einstaklingi til að sinna starfi framkvæmdastjóra fyrirtækisins.**

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Stjórn á daglegum rekstri fyrirtækisins
- Ábyrgð á áætlanagerð og fjármálum fyrirtækisins
- Ábyrgð á gæðastefnu og gæðamálum fyrirtækisins
- Stefnumótun varðandi uppbyggingu fjarskiptakerfa fyrirtækisins
- Samningagerð vegna nýrra fjarskiptakerfa
- Mannaforráð og ábyrgð á frammistöðu og þjálfun starfsmanna

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Verk- eða tæknifræðingur með víðtæka reynslu og þekkingu á fjarskiptasviði
- Reynsla af stjórnunarstörfum, áætlanagerð og fjármálum fyrirtækja
- Frumkvæði og leiðtogahæfileikar
- Reynsla af hönnun, uppsetningu og rekstri fjarskiptakerfa
- Hæfni í skipulagningu flókinna verkefna
- Starfið krefst mikilla samskiptahæfileika og þjónustulundar auk getu til að semja fyrir hönd fyrirtækisins

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 11. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

# ERT ÞÚ BIFVÉLAVIRKI EÐA VÉLVIRKI OG LANGAR AÐ VINNA Á ÚRVALS VINNUSTAÐ Í NÝJU OG GLÆSILEGU HÚSNÆÐI Á HESTHÁLSI?

**Strætó bs. leitar að afkastamiklum og áhugasömum starfsmanni á verkstæði við viðgerðir á strætisvögnum.**

**Strætó bs. er byggðasamlag í eigu sjö sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Hlutverk þess er að sinna almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu.**

**Hjá fyrirtækinu starfa um 200 manns auk undirverktaka. Gildi Strætó eru stundvísi, áreiðanleiki, fagmennska og gæði. Ætlunarverk Strætó er að bjóða hagkvæmar en fjölþættar og umhverfisvænar almenningssamgöngur á þjónustuvæði sínu til þeirra íbúa sem það kjósa.**

**Í boði er:**

- Skilvirkt vaktakerfi virka daga og eina helgi í mánuði
- Fyrirmyndar starfsaðstaða
- Metnaðarfullt og gott vinnuumhverfi
- Miklir möguleikar í starfi
- Fagþekking og krefjandi verkefni
- Næg vinna

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Áhugi og þekking á stórum bílum og/eða tækjum er skilyrði
- Starfsreynsla af viðgerðum og viðhaldi er æskileg
- Sveinspróf í bifvéla- eða vélvirkjun er æskileg
- Aukin ökuréttindi eru kostur
- Almenn tölvukunnátta er kostur
- Enskukunnátta er kostur
- Frumkvæði, skipulag og hæfni við að tileinka sér nýjungar
- Lipurð í mannlegum samskiptum

**Nánari upplýsingar veitir Jóhannes Jóhannesson, sviðsstjóri Rekstrarsviðs, sími 540 2700, netfang: joi@straeto.is**

**Umsóknir sendist á Strætó bs., Hesthálsi 14, 110 Reykjavík eða með tölvupósti til Jóhannesar.**

**Umsóknarfrestur er til 8. nóvember 2010.**

**Ef þig langar að starfa eftir þessum gildum og taka þátt í því góða starfi sem á sér stað innan Strætó bs. hvetjum við þig til að sækja um.**




**Borgun er framsækið fjármálafyrirtæki sem hefur sérhæft sig í öruggri greiðslumiðlun í 30 ár. Við leitum að kraftmiklum og drífandi einstaklingum í Fyrirtækjaþjónustu og á Markaðssvið.**

## Viðskiptastjóri í Fyrirtækjaþjónustu

**Helstu verkefni:**

- Viðskiptastjórnun (CRM)
- Sala á vörum og þjónustu
- Stýring verkefna, umsjón og eftirfylgni við innleiðingu nýrrar þjónustu
- Almenn samskipti og þjónusta við viðskiptavini

**Menntun og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af viðskiptastjórnun er æskileg
- Framúrskarandi þjónustulund og samskiptahæfileikar
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Sjálfstæði í starfi og hæfni til að vinna undir álagi

## Sérfræðingur á Markaðssviði

**Helstu verkefni:**

- Skipulagning markaðsherferða
- Textagerð í kynningarefni
- Umsjón með ytri og innri vef
- Samskipti við auglýsingastofu
- Umsjón með viðburðum á vegum Borgunar

**Menntun og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mjög gott vald á íslenskri tungu
- Reynsla af textagerð er skilyrði
- Frumkvæði og hugmyndaauðgi
- Sjálfstæð vinnubrögð og færni í samskiptum
- Góð tölvukunnátta

**Nánari upplýsingar um störfin veitir:**
Anna Rut Þráinsdóttir
starfsmannastjóri
art@borgun.is – sími 560 1579

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu okkar, **www.borgun.is**. Umsóknarfrestur er til og með **14. nóvember** næstkomandi.

BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

Ármúla 30 • 108 Reykjavík
Sími 560 1600 • www.borgun.is

Capacent Ráðningar

# VERKEFNASTJÓRI HÖRPU

HARPA TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSIÐ Í REYKJAVÍK

Rekstrarfélagið Ago ehf. mun sjá um rekstur Hörpu: Tónlistar- og ráðstefnuhússins í Reykjavík. Ago er dótturfélag Portus sem sér um byggingu hússins. Eignarhaldsfélagið er Austurhöfn-TR ehf. sem er í eigu ríkis og Reykjavíkurborgar.

**Rekstrarfélagið Ago ehf. auglýsir laust til umsóknar starf verkefnastjóra viðburða í Hörpu Tónlistar- og Ráðstefnuhúsins í Reykjavík.**
**Leitað er að hugmyndaríkum, metnaðarfullum og drífandi einstaklingi sem hefur áhuga á að starfa í fjölbreyttu og krefjandi starfsumhverfi.**
Verkefnastjóri starfar í teymi verkefnastjóra á sviði tónlistar- og ráðstefnuhalds, þar sem hver hefur sitt svið, en allir vinna saman að verkefnum þegar þörf er á. Viðkomandi skipuleggur vinnu við undirbúning og framkvæmd verkefna á sviði tónlistar,- ráðstefnu- og fundarhalda í Hörpu. Viðkomandi verkefnastjóri þarf að hefja störf eftir samkomulagi við undirbúning ofangreindra verkefna. Verkefnastjóri er í fullu starfi og getur vinnutími verið mjög óreglulegur. Verkefnastjórinn heyrir undir tónlistarstjóra.

**Starfssvið**
- Undirbúningur og umsjón tónlistarviðburða, einkum á sviði rafmagnaðrar tónlistar
- Vinna við útfærslu á dagskrár í samstarfi við viðburðahaldara og tónlistarstjóra
- Samstarf við ýmsa notendur í Hörpu
- Gerð tilboða og samninga í samráði við tæknistjóra Hörpu
- Áætlanagerð, kynningar og undirbúningur með viðburðahöldurum
- Dagleg verkefnastjórn eftir að húsið opnar
- Önnur verkefni sem tónlistarsstjóri felur viðkomandi

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Umfangsmikil reynsla af tónleika og viðburðahaldi
- Góð menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af samningagerð og rekstri
- Reynsla af stjórnun og mannahaldi
- Góð tengsl við tónlistarmenn og innsýn í margar tegundir tónlistar
- Reynsla af erlendum samskiptum
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta, færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góðir samskiptahæfileikar, frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Góð tölvukunnátta

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 15. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# STÖÐVARGÆSLA
## Í FLJÓTSDALSSTÖÐ

Landsvirkjun

Landsvirkjun er helsti raforkuframleiðandi á Íslandi, fyrirtæki sem leggur grunn að nútíma lífsgæðum og starfar af ábyrgð í anda sjálfbærrar þróunar. Landsvirkjun styðst við fjölbreytt rannsóknarstarf á sviði náttúruvísinda, verkfræði og orkumála. Fyrirtækið vill vera í fararbroddi í framsækinni stjórnun og leggur áherslu á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar. Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum starfa rúmlega 300 manns með fjölbreytta menntun.

**Landsvirkjun óskar eftir að ráða starfsmann til stöðvargæslu við Fljótsdalsstöð og veitumannvirki hennar. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem allra fyrst. Fljótsdalsstöð heyrir undir aflstöðvadeild á orkusviði Landsvirkjunar. Starfsstöð viðkomandi starfsmanns verður í þjónustubyggingu í Fljótsdal undir Valþjófsstaðafjalli.**

**Æskileg starfsreynsla:**
- Störf við aflstöðvar og raforkuvirki
- Uppsetning og forritun iðntölva og/eða skjámyndakerfa
- Rekstur og viðhald loft-, kæli-, vökva- og rafkerfa
- Reynsla af verkefnum þar sem gæða- og öryggisstjórnunar hefur verið krafist

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Iðn- og/eða tæknifræðimenntun á rafmagnssviði
- Góð almenn tölvukunnátta
- Aðlögunarhæfni og hæfni til þess að tileinka sér nýjungar
- Frumkvæði, skipulag og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni til kynningar á starfi og starfsumhverfi
- Lipurð í mannlegum samskiptum

**Í boði er:**
- Fyrirmyndar starfsaðstaða
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar
- Orkuríkasti vinnustaður landsins

**Við hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um starfið.**

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 11. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS



# Eignastýring og Einkabankaþjónusta

Landsbankinn

Laus eru til umsóknar störf forstöðumanns Eignastýringar þriðja aðila og forstöðumanns Einkabankaþjónustu Landsbankans.

Eignastýringarsvið annast almenna og sérhæfða eignastýringu fyrir viðskiptavini Landsbankans. Innan Eignastýringarsviðs starfa þrjár deildir. Eignastýring þriðja aðila sem sér um eignastýringu fyrir lífeyrissjóði, fyrirtæki, stofnanir og aðra lögaðila; Einkabankaþjónusta, sem veitir einstaklingum víðtæka fjármálaþjónustu sniðna að þörfum efnameiri einstaklinga og Fjármálaráðgjöf sem veitir einstaklingum ráðgjöf varðandi lífeyrissparnað og verðbréfamarkaðinn.

## Forstöðumaður Eignastýringar þriðja aðila

### Helstu verkefni:
- Uppbygging og stýring Eignastýringar þriðja aðila
- Þjónusta og samskipti við viðskiptavini, tilboðs- og samningsgerð
- Sérfræðiráðgjöf til viðskiptavina um mótun fjárfestingastefna
- Stýring fjárfestingarráðs og ákvarðanataka varðandi fjárfestingar
- Greining markaða og fjárfestingakosta
- Frumkvæði og þátttaka í liðsvinnu
- Þátttaka í þeim markmiðum sem bankinn hefur sett sér

### Hæfniskröfur og eiginleikar:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Próf í verðbréfaviðskiptum
- Reynsla og góð þekking á starfsemi eignastýringar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og fagmennska í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku og ensku

## Forstöðumaður Einkabankaþjónustu

### Helstu verkefni:
- Uppbygging og stýring Einkabankaþjónustu Landsbankans
- Þjónusta og samskipti við viðskiptavini Einkabankaþjónustu
- Sérfræðiráðgjöf til viðskiptavina um myndun eignasafna
- Vöktun eignasafna og ráðgjöf um breytingar
- Greining markaða og fjárfestingakosta
- Frumkvæði og þátttaka í liðsvinnu
- Þátttaka í þeim markmiðum sem bankinn hefur sett sér

### Hæfniskröfur og eiginleikar:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Próf í verðbréfaviðskiptum
- Reynsla og góð þekking á starfsemi eignastýringar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og fagmennska í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku og ensku

### Nánari upplýsingar veita:
Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, framkvæmdastjóri Eignastýringar, sími 410-6623, og Baldur G. Jónsson, mannauðsstjóri sími, 410-7904.

Umsókn fyllist út á vef bankans, www.landsbankinn.is, merkt „Forstöðumaður Eignastýringar" eða „Forstöðumaður Einkabankaþjónustu".

Umsóknarfrestur er til og með 7. nóvember 2010.

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

---

Wilson's PIZZA

**Óskum eftir að ráða starfsmenn í eftirfarandi stöður:**

**A Pizzabakara - reynsla skilyrði**
**B Pizzasendil**
**C Verslunarstjóra**

Vinsamlegast sendið ferilskrá á **atvinna@wilsons.is** og taka þar fram hvaða starf er sótt um.

GNOÐARVOGI 44 - EDDUFELLI 6 - ÁNANAUSTUM 15

---

REYKJALUNDUR endurhæfing

## Laus staða hjúkrunarfræðings á næturvaktir

Reykjalundur endurhæfingarmiðstöð SÍBS auglýsir lausa stöðu hjúkrunarfræðings á 80% næturvaktir. Um er að ræða afleysingarstöðu til eins árs og er staðan laus nú þegar eða samkvæmt nánara samkomulagi.

Umsækjandi þarf að hafa starfsleyfi sem hjúkrunarfræðingur á Íslandi.

Laun greiðast samkvæmt kjarasamning Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra.

Umsóknir berist til Láru M. Sigurðardóttur, framkvæmdastjóra hjúkrunar (laras@reykjalundur.is ) sem jafnframt veitir upplýsingar um starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 7. nóvember nk.**

Umsóknarform og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni **www.reykjalundur.is**

Á Reykjalundi er unnið í þverfaglegum teymum. Krafist er góðrar hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

---

EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

## Sérfræðingur

Í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu eru lausar til umsóknar tvær stöður sérfræðinga til tveggja ára á skrifstofu efnahagsmála m.a. til að sinna rannsóknum á stöðu skuldugra heimila og fyrirtækja í kjölfar efnahagshrunsins.

Undir skrifstofuna heyra m.a. hagfræðilegar athuganir, eftirfylgni við efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, umsjón með efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, málefni Seðlabanka Íslands og Hagstofu Íslands og samskipti við alþjóðastofnanir á sviði efnahagsmála.

Í báðum tilvikum er að ræða fullt starf og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi FHSS og fjármálaráðherra.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í hagfræði, viðskiptagreinum eða tölfræði.
- Þekking og reynsla á sviði tölfræði- og upplýsingavinnslu æskileg.
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku
- Góð kunnátta í ensku skilyrði og kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg

Nánari upplýsingar veitir Björn Rúnar Guðmundsson skrifstofustjóri í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu. Umsóknarfrestur er til og með 13. nóvember nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



# Erum við að leita að þér?

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Fyrirtækið er með starfsemi í 40 löndum. Hjá Actavis á Íslandi starfa yfir 700 starfsmenn á ýmsum sviðum.

## Sérfræðingur í pökkunardeild

Í pökkunardeild Actavis hf. starfa 90 starfsmenn við lyfjapökkun, skjalavinnslu, tækniaðstoð og gæðamál. Þar er töflum og hylkjum pakkað í þynnur og glös undir ströngu gæðaeftirliti sem sérfræðingar deildarinnar hafa umsjón með.

**Helstu verkefni:**

- Afgreiðsla frávika
- Viðvera og aðstoð við að leysa gæðavandamál
- Gerð skriflegra leiðbeininga og staðfestingarskjala
- Eftirlit með framleiðsluháttum
- Þátttaka í innri úttektum og óreglubundnu eftirliti
- Úrbætur á ferlum deildarinnar

**Við leitum að einstaklingi:**

- með háskólamenntun á sviði raunvísinda eða sambærilega menntun
- sem sýnir sjálfstæði og metnað í starfi
- með góða samskiptahæfni og frumkvæði
- með góða ensku- og tölvukunnáttu
- með áhuga á flóknum vélbúnaði (kostur)

## Sérfræðingur - Customer Service

MEDIS

Medis er eitt af dótturfyrirtækjum Actavis Group og annast sölu á lyfjum og lyfjahugviti fyrir samstæðuna til annarra lyfjafyrirtækja sem selja lyf undir eigin vörumerkjum. Á meðal viðskiptavina Medis eru öll stærstu samheitalyfjafyrirtæki í Evrópu.

Customer Service sér um samskipti við erlenda viðskiptavini vegna vörusölu. Í því felst móttaka, afgreiðsla og eftirfylgni pantana ásamt samskiptum við viðskiptavini, söluskrifstofur Medis erlendis og framleiðslueiningar Actavis. Deildin ber jafnframt ábyrgð á reikningagerð vegna vörusölu og kostnaðareftirliti.

**Helstu verkefni:**

- Móttaka og afgreiðsla pantana
- Samskipti við erlenda viðskiptavini vegna vörusölu
- Eftirfylgni og stuðningur við viðskiptavini Medis og framleiðslueiningar Actavis

**Við leitum að einstaklingi:**

- með háskólamenntun
- með mjög góða enskukunnáttu, bæði í töluðu og rituðu máli
- sem tileinkar sér nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- með góða tölvukunnáttu
- með góða samskiptahæfni

## Sérfræðingur í áhættustýringu og lánamálum

Starfið tilheyrir fjárstýringu sem er hluti af fjármáladeild Actavis Group. Fjárstýring hefur yfirumsjón með greiðsluflæði fyrirtækisins og dótturfélaga þess. Einnig hefur deildin umsjón með lánum, gjaldeyris- og vaxtaáhættum, tryggingum og bankasamskiptum. Sérfræðingur er í miklum samskiptum við aðra starfsmenn dótturfélaga Actavis Group heima og erlendis.

**Helstu verkefni:**

- Greining gjaldeyris- og vaxtaáhættu
- Gerð tillaga að áhættuvörnum
- Gjaldeyrismiðlun, kaup/sala afleiðusamninga til áhættuvarna
- Úrlausnarefni tengd lánasamningum og lánalínum félagsins
- Umsjón með nýtingu fjárstýringarkerfis deildar

**Við leitum að einstaklingi:**

- með háskólapróf í viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða sambærilega menntun
- með reynslu af áhættugreiningu
- sem tileinkar sér nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- sem er skipulagður og talnaglöggur
- með mjög góða enskukunnáttu

Nánari upplýsingar veita **Jenný Sif Steingrímsdóttir**, jsteingrimsdottir@actavis.is
og **Ragnheiður Dögg Ísaksdóttir**, risaksdottir@actavis.com
Umsóknir óskast fylltar út á **www.actavis.is**, undir **Störf í boði** fyrir **7. nóvember nk**.

Actavis Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is

actavis

Staki er sérhæft þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni með áherslu á framleiðslufyrirtæki. Lausnir Staka spanna frá gagnasöfnun til skýrslugerðar, frá framleiðslugólfi til forstjóra með það meginmarkmið að hámarka virði viðskiptavinarins. Hjá Staka starfar samhentur hópur tæknifræðinga og verkfræðinga sem myndar öflugt og framsækið þjónustufyrirtæki. Vegna aukinna verkefna erum við að leita að öflugu samstarfsfólki með menntun, þekkingu og reynslu, fólki sem er tilbúið að takast á við ný og spennandi verkefni.

Staki

# *Tveir sérfræðingar í iðnstýringum óskast*

**Leitað er að einstaklingum með háskólapróf í rafmagns-, véla- eða tölvuverkfræði sem hafa þekkingu á forritun iðntölva, skjákerfum og verkefnastjórnun og eru áhugasamir, skapandi, skýrir og skemmtilegir.**

Við óskum annars vegar eftir einstaklingi með þekkingu og reynslu af hússtjórnarkerfum. Kostur ef viðkomandi er með þekkingu á miðlægum vöktunarbúnaði.

Hins vegar leitum við að einstaklingi með sérstakan áhuga á forritun iðntölva og sterkstraumi. Kostur er að viðkomandi hafi reynslu af hugbúnaði frá Wonderware og/eða Rockwell.

Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli sem og nöfn og símanúmer meðmælenda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar.

Upplýsingar í síma 550 6470 alla virka daga.

Nánari upplýsingar og umsóknir er að finna á **www staki.is**

Umsóknarfrestur er til **7. nóvember nk.**

**Staki ehf.** - Stórhöfða 22 – 30 - 108 Reykjavík - staki.is

---

TÉKKLAND
Bifreiðaskoðun

# BIFVÉLAVIRKJAR ÓSKAST

Tékkland bifreiðaskoðun hyggst opna nýja skoðunarstöð í Borgartúni í upphafi nýs árs. Fyrirtækið er að leita að þjónustuliprum einstaklingum sem eru jafnframt faglærðir bifvélavirkjar til að annast almenna bifreiðaskoðun og stöðvarstjórn.

## Hæfniskröfur:

- Menntun á sviði bifvélavirkjunar er skilyrði.
- Reynsla af skoðun bíla er kostur en ekki skilyrði.

## Helstu verkefni:

- Skoðun fólksbíla, lítilla sendibíla, bifhjóla og ferðavagna.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Nánari upplýsingar veitir Birgir Hákonarson í síma 665-9900.

Umsókn með upplýsingum um menntun og reynslu skal skila á netfangið birgir@tekkland.is fyrir 15. nóvember.

TÉKKLAND

---

# Verslunarstjóri

**Stórt verslunar- og þjónustufyrirtæki óskar eftir að ráða verslunarstjóra í stóra verslun. Verslunin er á höfuðborgarsvæðinu.**

**Starfssvið:**

- Umsjón og ábyrgð á daglegum rekstri verslunarinnar.
- Stjórnun og skipulagning á störfum deildarstjóra einstakra deilda.
- Virk gæðastjórnun.
- Áætlanagerð og eftirfylgni.

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af rekstri og stjórnun í stórri verslun.
- Góð þekking af rekstri sérvöruverslunar er kostur.
- Leiðtogahæfileikar, lipurð í mannlegum samskiptum, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð.

**Upplýsingar veitir:**
Þórir Þorvarðarson,
thorir@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 7. nóvember nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www. hagvangur.is**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

---

**Fasteignafélag Íslands er félag sem annast umsýslu og rekstur fasteigna og útleigu á leigurýmum. Fasteignafélag Íslands er að fullu í eigu Regins ehf. Helsta eign Fasteignafélags Íslands er verslunarmiðstöðin Smáralind í Kópavogi. Leitað er að áhugasömum og kraftmiklum einstaklingi sem hefur töluverða reynslu af markaðsmálum.**

# Markaðsstjóri Fasteignafélags Íslands ehf.

Fasteignafélag Íslands ehf. auglýsir laust til umsóknar starf markaðsstjóra hjá félaginu.

**Helstu verkefni:**

- Yfirumsjón með kynningar-, markaðs- og auglýsingamálum
- Gerð markaðsáætlana og skipulagning markaðsherferða
- Markaðsgreining
- Ímyndar- og kynningarmál
- Innri og ytri markaðsmál
- Samskipti við viðskiptavini og leigutaka
- Þátttaka í útleigu og samningagerð
- Umsjón með vefsíðum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði markaðsmála
- Frumkvæði og fagmennska í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Hugmyndaauðgi, frumkvæði og keppnisskap
- Færni í samskiptum og þægilegt viðmót
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku og ensku
- Góðir tjáningarhæfileikar í ræðu og riti

**Upplýsingar veitir:**
Þórir Þorvarðarson, thorir@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 7. nóvember nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www. hagvangur.is**

Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

FLENSBORGARSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI

## Flensborgarar í framhaldsnámi

Auglýst er eftir umsóknum um styrk úr Fræðslusjóði Jóns Þórarinssonar. Fræðslusjóðurinn hefur það hlutverk að styrkja til framhaldsnáms nemendur sem hafa lokið stúdentsprófi eða öðru lokaprófi frá Flensborgarskólanum í Hafnarfirði.
**Umsóknarfrestur til 26. nóvember 2010.**
Nánari upplýsingar á http://www.flensborg.is

Stjórn Fræðslusjóðs Jóns Þórarinssonar

Skipulags stofnun

## Lögfræðingur óskast til starfa hjá Skipulagsstofnun

Lögfræðingur vinnur að og veitir ráðgjöf við úrlausn viðfangsefna stofnunarinnar á sviði skipulagsmála og umhverfismats.

Umsóknir sendist fyrir 5. nóvember 2010 til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík
Upplýsingar um starfið veitir Stefán Thors í síma 595 4100

## Viltu auðga líf mitt?

Ég er 40 ára gömul kona með hreyfihömlun sem óskar eftir persónulegri aðstoðarmanneskju til starfa, helst sem fyrst.
Í boði eru dagvaktir virka daga.
Ég þarfnast aðstoðar við flestar athafnir daglegs lífs, svo sem við klæðnað, akstur í skóla og vinnu, tölvuvinnu og ýmis önnur verk.

Markmið aðstoðarmanneskju er að stuðla að tækifærum mínum til þátttöku í samfélaginu og að viðhalda og auka lífsgæði mín. Æskilegt er að hún hafi bílpróf því ég hef eigin bíl til umráða.
Jákvæðni, sveigjanleiki og virðing er lykillinn að farsæld í okkar samstarfi.

Fyrirspurnir, umsóknir og ferilskrár ásamt meðmælum berist á netfangið: **astasolehf hjá simnet.is**
Með fyrirfram þökk,

Ásdís Jenna Ástráðsdóttir

# Íbúðalánasjóður auglýsir lausar til umsóknar stöður fjögurra sviðsstjóra

## Sviðsstjóri fjármálasviðs

**Ábyrgðarsvið:**
- Fjármögnun útlána
- Fjár- og áhættustýring
- Fjárlagagerð
- Samskipti við markaðsaðila á fjármálamarkaði
- Samskipti við lánshæfisfyrirtæki
- Útlánaeftirlit
- Bókhald og gerð ársreikninga
- Innkaup og umsjón með rekstrarvörum
- Umsjón með formlegum verklagsreglum sviðsins og eftirfylgni þeirra

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun æskileg
- Víðtæk þekking og reynsla af fjármálastarfsemi
- Þekking og reynsla af bókhaldslegu uppgjöri fjármálafyrirtækja
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Leiðtogahæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti, á íslensku og ensku

## Sviðsstjóri eignasviðs

**Ábyrgðarsvið:**
- Umsjón fullnustueigna
- Söluferli eigna, verðmat og útleiga
- Útfærsla og framkvæmd kaupleigukerfis
- Almenn umsjón með húsnæðismálum beggja starfsstöðva sjóðsins
- Umsjón með formlegum verklagsreglum sviðsins og eftirfylgni þeirra

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af eignaumsýslu
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Leiðtogahæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

## Sviðsstjóri fyrirtækjasviðs

**Ábyrgðarsvið:**
- Útlán og þjónusta við lánveitingar til lögaðila
- Framkvæmd og útfærsla greiðsluerfiðleikaúrræða fyrir lögaðila
- Eftirlit og greining á útlánasafni lögaðila
- Umsjón með formlegum verklagsreglum sviðsins og eftirfylgni þeirra

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Kunnátta í lestri ársreikninga og greiningu þeirra
- Þekking og reynsla af rekstri fasteignafélaga æskileg
- Þekking á íbúðalánum æskileg
- Skilningur á þjónustuhlutverki sjóðsins og gildi þess í öllu starfi hans
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Leiðtogahæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

## Sviðsstjóri einstaklingssviðs

**Ábyrgðarsvið:**
- Útlán og þjónusta við lánveitingar til einstaklinga
- Ráðgjöf til einstaklinga varðandi útlán og greiðsluerfiðleika
- Afgreiðsla umsókna vegna greiðsluerfiðleika
- Umsjón með formlegum verklagsreglum sviðsins og eftirfylgni þeirra

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Víðtæk reynsla og þekking af útlánastarfsemi vegna íbúðakaupa
- Skilningur á þjónustuhlutverki sjóðsins og gildi þess í öllu starfi hans
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Leiðtogahæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Íbúðalánasjóður

Íbúðalánasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins sem veitir einstaklingum, sveitarfélögum, félögum og félagasamtökum húsnæðislán til íbúðarkaupa og byggingarframkvæmda. Sjóðurinn er fjárhagslega sjálfstæður og stendur undir lánveitingum og rekstri með eigin tekjum.

Markmið Íbúðalánasjóðs samkvæmt lögum eru meðal annars „að stuðla að því að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum“ og „að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum“.

**Upplýsingar veita:**
Brynhildur Halldórsdóttir
brynhildur@hagvangur.is
Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 11. nóvember nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www. hagvangur.is**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

FÉLAG FASTEIGNASALA

## Bókari - Ritari óskast.

Félag fasteignasala leitar eftir að ráða bókara/ritara á skrifstofu félagsins. Leitað er eftir starfsmanni með þekkingu á fjárhags og launabókhaldi, standa skil á virðisaukaskatti, afstemmingar og frágangur til endurskoðanda. Þá felst í starfinu m.a. vefumsjón, símsvörun, skjalavarsla ofl. Um er að ræða u.mþ.b. 50% starf.
Í starfinu felst einnig ákveðin vinna í kringum fasteignir.is stærsta fasteignaleitarvef landsins.

**Umsóknir skulu sendast skrifstofu FF Síðumúla 1, 108 Reykjavík fyrir 15. nóvember n.k.**

Félag fasteignasala er félag allra fasteignasala á Íslandi og vinnur félagið m.a. að hagsmunamálum fasteignasala og kemur fram fyrir þeirra hönd gagnvart stjórnvöldum og fjölmiðlum. Félagið setur félagsmönnum strangar siðareglur og vinnur ötullega að því að tryggja að kaupendur og seljendur njóti traustrar og ábyggilegrar þjónustu löggiltra fasteignasala í öllum fasteignaviðskiptum.

## VILTU LÁTA LJÓS ÞITT SKÍNA?

**Lumex óskar eftir sölumanni**

Okkur vantar sölumann í verslun, kraftmikinn einstakling með brennandi áhuga á hönnun og reynslu af sölustörfum.

Umsóknir sendist á ingi@lumex.is fyrir 15. nóvember.

LUMEX

LÆKNAHÚSIÐ
SKURÐSTOFUR – LÆKNASTOFUR
EGILSGÖTU 3, 101 REYKJAVÍK. SÍMI 563 1060. LAEKNAHUSID.IS

**Læknahúsið óskar eftir að ráða móttökuritara í 70% starf.**

Vinnutíminn er á bilinu 08:00-19:00 og unnið er á morgun- og eftirmiðdagsvöktum til skiptist viku frá viku. Í boði er skemmtilegt og krefjandi starf sem felst m.a. í símsvörun, skráningu tímapantana og móttöku sjúklinga. **Við leitum af** jákvæðum einstaklingi með ríka þjónustulund sem býr yfir almennri tölvu- og góðri enskukunnáttu. Kunnátta í einu norðurlandamáli er kostur. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega. Áhugasamir vinsamlega sendið umsókn og ferilskrá fyrir 8. nóvember á tölvupóstfangið domusmedica@domusmedica.is

» Ráðningarþjónusta

## Veitingastjóri

Eld Smiðjan

Eldsmiðjan óskar eftir að ráða ábyrgan og metnaðarfullan einstakling í starf veitingastjóra kvöld- og helgarvaktar. Unnið er tvo daga aðra vikuna og fimm daga hina. Um 72% starf er að ræða.

**» Starfssvið**

- Þátttaka í almennum störfum
- Ábyrgð á þjónustu og gæðum á sinni vakt

**» Hæfniskröfur**

- Hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Dugnaður og metnaður í starfi

Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.**



HH RÁÐGJÖF RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

## Laust er til umsóknar starf lögfræðings hjá Læknafélagi Íslands

**Starfið felur í sér krefjandi og áhugaverð verkefni:**

- Að gæta hagsmuna félagsmanna gagnvart atvinnurekendum.
- Ráðgjöf fyrir samninganefndir lækna.
- Lögfræðiráðgjöf við fyrirtæki lækna og einstaka hópa þeirra.
- Innlend og erlend samskipti.
- Önnur verkefni sem til geta fallið.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í lögfræði er skilyrði og reynsla af vinnurétti er kostur. Áhersla er lögð á hæfni í mannlegum samskiptum, skipulögð og fagleg vinnubrögð, frumkvæði og sjálfstæði í starfi. Góð tölvuþekking er kostur.

**Um er að ræða** hlutastarf með möguleikum á sveigjanlegum vinnutíma. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. janúar 2011. Umsóknarfrestur er til og með 15. nóvember nk. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað sem umsækjandi vill taka fram skal senda til félagsins að Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi eða með tölvupósti á netfangið solveig@lis.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sólveig Jóhannsdóttir, frkv.stj. félagsins, í síma 564 4100/ solveig@lis.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

***Fjölbreytt verkefni í góðum hópi. Sabre Airline Solutions leitar að öflugu fólki í starf skrifstofustjóra og á lausna- og ráðgjafasvið.***

Sabre er alþjóðlegt fyrirtæki sem selur hugbúnaðarlausnir til flugfélaga á alþjóðamarkaði. Við byggjum árangur okkar á þekkingu á rekstri flugfélaga, á stöðugri þróun lausna okkar og hæfu og ánægðu starfsfólki. Liðsheild okkar er sterk og telur nú rúmlega 40 manns. Viðskiptavinir Sabre eru stór og smá flugfélög um allan heim.

Umsóknarfrestur er til og með 7. nóvember nk. Umsækjendur skili ferilskrám í tölvupósti á jon.arni.bragason@sabre.com Umsjón með ráðningunum hefur Jón Árni Bragason. (jon.arni.bragason@sabre.com)

Sabre Airline Solutions®

## Skrifstofustjóri - Sabre Iceland

**Starfssvið:**

- Launaútreikningar
- Skönnun og samþykkt reikninga
- Utanumhald bókhaldsgagna
